

111 prófast verði tjáð sóknarnefnd þeirri, sem hjer á hlut að máli, að ráðgjafanum mislíki
 28. sept. mjög vanræksla sú sem nefndin hefur gjört sig seka í á skyldum þeim, sem nefnd lög
 leggja henni á herðar, og er vanræksla þessi fólgin í því, að nefndin hefur hvorki sam-
 kvæmt 3. gr. laganna skýrt hlutaðeigandi prófasti frá því, að söfnuðurinn ætlaði eigi að
 neyta kosningarrjettar síns, nje heldur uppfyllt þær skyldur, sem, þar sem eigi er um slíka
 tilkynningu að ræða, hvíla á sóknarnefndum samkvæmt 4.—7. gr. laganna, til að
 undirbúa kosningar og annast um þær.

112 Brjef landshöfðingja til útflutningastjóra Sigfúsar Eymundssonar um skilyrði
 4. vöv. fyrir því, að mega annast fólksflutninga hjeðan af landi til Vesturheims. — Með
 brjefi dags. 29. f. m. hafið þjer, herra útflutningastjóri, tjáð mjer, að þjer hafið orðið
 þess vísari, að útflutningastjórar, sem búsettir eru í Ameríku, muni hafa í ráði að senda
 mönnum hjer á Íslandi farbrjef, sem gefin eru út af þarlendum útflutningastjórum í
 þeim tilgangi að menn geti flutt sig hjeðan sem vesturfarar og notað farbrjef þessi á
 sama hátt eins og útflutningasamninga þá, er gefnir eru út af hjerlendum útflutninga-
 stjörum, og hafið þjer spurzt fyrir um, hvort slíkt geti samrýmzt hjer gildandi lögum
 um tilsjón með vesturfaraflutningum og hvort þessi farbrjef frá útflutningastjórum í
 Ameríku geti álitizt fullnægjandi í því efni, og ennfremur hvort það hafi nokkra þýð-
 ingu fyrir gildi þessara farbrjefa hjer þó að «lína» sú, sem flytja ætlar fólkið, hafi sett
 veð hjer á landi og hafi hjer útflutningastjóra, ef farbrjefin sjeu eigi útgefin af honum,
 og hann eigi hefur neitt yfir flutningnum að segja.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, yður til leiðbeiningar, að þar sem það er
 skýrt tekið fram í 1. og 2. gr. útflutningalaganna 14. jan. 1876, að engir aðrir en þeir,
 sem fengið hafa sjerstakt leyfi til að vera útflutningastjórar, megi gjöra samninga við út-
 fara um flutning í aðrar heimsálfur, en slíkt leyfi verður aðeins veitt mönnum, sem
 búsettir eru á Íslandi, þá leiðir beint af þessu, að menn, sem búsettir eru í Vesturheimi,
 mega ekki gefa út farbrjef fyrir útfara hjeðan af landi, og er slíkur útflutningur, er þjer
 talið um, því ólöglegur með öllu, og gjörir það enga breytingu í þessu efni. þó að «lína»
 sú, sem ætlar að flytja fólkið, hafi sett veð hjer á landi, og hafi hjer útflutningastjóra,
 ef þessi útflutningastjóri ekki gerir þann skriflega samning, sem heimtaður er í 13. gr.
 nefndra laga, við útfarana, nje yfir höfuð annast og hefur umsjón með flutningunum,
 enda á landstjórnin aðgang að útflutningastjórunum, en eigi að þeim útlendu fjelögum
 eða «línunum», sem takast á hendur að flytja útfarana.

113 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um
 7. nóv. toll af kaffi, sykri og tóbaki. — Með þóknanlegu brjefi dags. 5. þ. m. hafið þjer,
 herra amtmaður, sent hingað með ummælum yðar erindi bæjarfógetans á Ísafirði þar
 sem hann skýrir frá, að skipið Holger, skipstjóri H. P. Ibsen, er hafi hafnað sig á Ísa-
 firði 15. f. m. hafi meðal annara vörutegunda flutt kaffi, sykur og tóbak til verzlunar
 H. A. Clausens þar á staðnum, en með því að skip þetta, er einnig hafi haft vörur með-
 ferðis til verzlunar nefnds Clausens í Ólafsvík og Stykkishólmi hafi samkvæmt vottorði
 sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu komið þar í sýslu 29. sept. þ. á. og
 gjört þar tollskil eptir þeim tollögum, er þá voru í gildi, þannig að tollur einnig af tó-

baki því, er ætlað var til Ísafjarðar hafi verið goldinn sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, telji verzlunstjóri Clausens- verzlunar á Ísafirði sig undanþeginn því, að greiða toll samkvæmt lögum 9. ágúst p. á. par sem skipið hafi verið komið á íslenzka höfn og vörurnar þarafleiðandi innfluttar hjer til lands áður en tjeð lög um aðflutningsgjald á kaffi og sykri og um hækkun tóbakstollsins náðu gildi. — Þennan skilning tjeðs verzlunarstjóra á tolllögumum hefur bæjarfógetinn á Ísafirði ekki getað adhyllzt og því beiðzt úrlausnar æðra úrskurðarvalds um málefni þetta.

Eins og þjer herra amtmaður, hafið látið í ljósi í ofan nefndu brjefi yðar, ber samkvæmt lögum nr. 11 frá 11. febrúar 1876, 3. gr. sbr. auglýsingu 16 s. m. (Stj.tíð. A. 12) og ráðgjafabr. 26. sept. s. á. (Stj.tíð. 1876 B. 104) að greiða toll af tóbaki par sem það er flutt í land en ekki par sem skip það. er vörurnar flytur, áður kann að koma að landi eður hafnar sig hjer við land. og alveg hið sama gildir um toll af kaffi og sykri samkvæmt lögum nr. 10 frá 9. ágúst p. á. 2. og 4. gr. — Par sem nú tóbak það, kaffi og sykur, er fluttist til Ísafjarðar með skipinu Ho'ger 15. f. m. ekki var flutt í land fyrr en eptir að lög nr. 10, 9. ágúst p. á. um aðflutningsgjald af kaffi og sykri og lög nr. 11 frá sama degi um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald af tóbaki voru komin í gildi, ber að greiða toll af vörum þessum eptir tjeðum lögum.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum á Ísafirði, og skora jeg jafnframt á yður að útvega skýrslu sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um það, með hverri heimild hann hafi tekið móti tolli af áminnstum tollvörum sem áttu að fara í annað lögsagnarumdæmi, svo og um það, hvort eigi hafi verið skipað upp á Stykkishólmi tóbaki eða vörum sem eru tollskyldar eptir lögum nr. 10, 9. ágúst p. á. eptir 1. oktbr. síðastliðinn úr fram-
anefndu skipi.

Auglýsing

um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara.

Alþingi 1889 hefur ályktað, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara skuli vera þessi:

- 1, að kennarinn sje ráðinn til þeirra starfa af hreppsnefnd eða sóknarnefnd og hagi störfum sínum eptir samkomulagi við nefndina.
- 2, að hann kenni auk kristindóms og lesturs: skript, reikning og rjettritun.
- 3, Umsóknarbrjefum um styrk til sveitakennara skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna (tölu nemenda, hvað hverjum þeirra hafi verið kennt, og hve lengi hver þeirra hafi notið kennslunnar) svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna, og ennfremur meðmæli hlutaðeiganni sýslunefndar.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til sveitakennara eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stiptsyfirvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi til leiðbeiningar.

Reykjavík 16. nóvbr. 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein